

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 1. tbl. 12. árgangur 11. janúar 2018

Gleðilegt nýtt ár.

Sóley, Kiðagili - rafmagnslaus dagur.

Það er alltaf líf og fjör á rafmagnslausum degi, allt verður svo spennandi sumum finnst draugalegt, öðrum spennandi en allir voru sammála um að þetta væri bara mjög gaman, það var skrytið að borða morgunmat í rökkrinu með kerta- og vasaljós. Lesa bækur, leika saman, púsla allt svo öðruvísi en svo gaman.



Naustaskóli hlýtur styrk frá Norðurorku.

Síðastliðinn föstudag fékk Naustaskóli afhentan styrk frá Norðurorku að upphæð 100 þúsund kr. til kaupa á talgervlum og fræðslu á notkun annarra forrita sem styðja við lestrarkennslu. Bryndís skólustjóri og Eva námsráðgjafi veittu styrknum viðtöku. Hér má sjá frétt frá styrkveitingunni.

<https://www.no.is/is/um-no/frettir/styrkir-nordurorku-til-samfelagsverkefna-2018>

Frístundastyrkur.

Frístundastyrkur Akureyrarbæjar felst í niðurgreiðslu þátttökugjalda barna og unglunga í íþróttta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi á Akureyri. Frístundastyrkurinn 2018 er fyrir börn fædd 2001 til og með 2012. Styrkurinn er að upphæð kr. 30.000 og gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018. Hægt er að nota styrkinn til þess að greiða skólagjöld í tónlistarskólum og myndlistarskóla, til að greiða æfingagjöld íþróttafélaga og námskeið á vegum Akureyrarbæjar, sem auglýst eru í skólunum. Einnig gildir frístundastyrkurinn til greiðslu upp í sumarþúðadvöl á sumrin. Upplýsingar er einnig að finna á www.akureyriaidi.is.

Myndir augnabliksins eru frá starfinu á Tröllaborgum.



Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Námskeið fyrir kennara erlendra nemenda.


Í byrjun desember kynnti fræðsluvið Akureyrarbæjar og Miðstöð skólaþróunar HA námskeið fyrir kennara erlendra nemenda. Námskeiðið verður fimm mánudaga, 22. jan., 5. febrúar, 19. febrúar, 5. mars og 19. mars. Unnið verður með afmarkaðan þátt í hvert skipti en þeir eru:

- * Menning og viðhorf
- * Menningamót – fljúgandi teppi
- * Tvítýngi og fjöltýngi
- * Orðaforðavinna
- * Notkun snjalltækja í námi og kennslu

Nánari lýsingu á uppsetningu námskeiðsins má sjá [hér](#)

Fréttir af Erasmus+ verkefninu í Síðuskóla.

Síðuskóli er þátttakandi í Erasmus+ verkefni með 4 öðrum skólum í Evrópu. Verkefnið heitir Traces of Europe og snýst um það að þessir 5 skólar kynna hver fyrir öðrum kennsluáðferðir sem þeir nota og hafa nýst vel. Pólland lagði inn í verkefnið aðferðina „lært í gegnum leik“ (Game based learning). Síðan er það verkefni kennara í Síðuskóla að reyna að koma þessum aðferðum áleiðis í aðra skóla og var það gert nú í byrjun janúar, er farið var í Brekkuskóla og nokkrir námsleikir kynntir fyrir kennurum þar. Það er von kennara skólans að einhverjir nýti sér þessa leiki.



Norðurorka styrkir kaup á Bee-Bot vélmönnum.

Forritunarverkefni Miðstöðvar skólaþróunar HA fékk styrk frá Norðurorku á dögnum. Styrkurinn verður notaður til þess að kaupa Bee-Bot og Blue-Bot en það eru forritanleg vélmenn. Vélmennin henta vel til forritunarkennslu í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla. Bee-Bot og Blue-Bot munu sóma sér vel meðal annarra vélmenna á Snjallvagni MSHA. Á döfinni er að halda snjallsmiðjur og verða þær auglýstar innan tíðar.

Vefsíða Bee-Bot og Blue-Bot <https://www.bee-bot.us/>

Grein í Netlu - Veffímariti um uppeldi og menntun.

Sérrit 2017 – Innsýn í leikskólastarf er gefið út á vegum Netlu – Veffímarits um uppeldi og menntun og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ritstjórar voru Amalía Björnsdóttir og Kristín Norðdahl. Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir annaðist verkefnisstjórn með útgáfunni fyrir hönd Menntavísinda-stofnunar Háskóla Íslands. Í sérritinu eru fjórar ritrýndar greinar og ein ritstýrð. Greinarnar nefnast: Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna, þeir vilja ekki leika, bara tala saman, Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum, Lýðræði, umhyggja og hæfni í Aðalnám-skrá leikskóla og Samræðulestur.

<http://netla.hi.is/innsyn-i-leikskolastarf-2017/>

Gjöf sem gleður.

Fyrir jólin fóru börn og starfsfólk á Bergi Tröllaborgum á Glerártorg og keyptu gjöf fyrir pening sem börnin höfðu safnað og var gefin í árlega jólapakkasöfnun á Glerártorgi. Börnin voru mjög spennt og völdu playmobil skólastofu fyrir 4-5 ára stelpu eða strák.

Söfnunin er í samstarfi við Jóláaðstoð 2017 en að henni standa: Rauði krossinn, Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn.

